

Lagt fyrir fund velferðarráðs 2. september 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um árangursmælikvarða í þjónustu við börn og fjölskyldur

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að skilgreina grunnstöðu, þjónustuviðmið og mælanlega árangursmælikvarða fyrir helstu þjónustupætti í þjónustu við börn og fjölskyldur.

Fyrst verði dregin upp skýr mynd af núverandi stöðu þjónustunnar, meðal annars umfangi þjónustu, biðtíma, fjölda mála og eftir því sem við á niðurstöðum og árangri þjónustunnar. Á grundvelli þeirrar stöðu verði skilgreindir mælikvarðar fyrir einstaka þjónustupætti og sett skýr og mælanleg markmið um þann árangur sem stefnt er að.

Meðal annars verði skilgreint viðmið um ásættanlegan biðtíma eftir mismunandi tegundum þjónustu og mælt reglulega hversu hátt hlutfall barna og fjölskyldna fær þjónustu innan þeirra viðmiða. Jafnframt verði skoðaðir aðrir mælikvarðar sem gefa raunhæfa mynd af gæðum, aðgengi, samfellu og árangri þjónustunnar.

Niðurstöður verði nýttar til að fylgjast reglulega með þróun þjónustunnar og árangri þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á fjölskylduþjónustu Reykjavíkurborgar. Velferðarráði verði gerð grein fyrir grunnstöðunni, fyrirhuguðum mælikvörðum og þeim mælanlega árangri sem stefnt er að.

Greinargerð:

Við breytingar á þjónustu við börn og fjölskyldur er mikilvægt að frá upphafi liggi fyrir hvernig árangur verður skilgreindur og mældur. Til þess þarf fyrst að vita hvar við stöndum í dag, hvert við ætlum og hvaða mælikvarðar sýna hvort breytingarnar skili raunverulegum ávinningi fyrir börn og fjölskyldur.

Skýr þjónustuviðmið og reglulegar mælingar gera velferðarráði kleift að fylgjast með því hvort þjónustan verði aðgengilegri, bið styttest og börn og fjölskyldur fái rétta þjónustu á réttum tíma.